

Reykjavík, 9. maí 2019

## **Sundurliðun fjárfestinga samtryggingar og séreignar fyrir 1. ársfjórðung 2019**

Fjármálaeftirlitið hóf birtingu upplýsinga, í febrúar sl., úr innsendum skýrslum um sundurliðun fjárfestinga samtrygginga- og séreignadeilda lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila séreignasparnaðar. Að þessu sinni eru birtar upplýsingar um fjárfestingar fyrir 1. ársfjórðung 2019 ásamt sambærilegum gögnum er ná aftur til 3. ársfjórðungs 2017. Eftirfarandi upplýsingar eru byggðar á tegundaflökkun 36. gr. laga nr. 129/1997 og má [nálgast þær á vef Fjármálaeftirlitsins](#).

### **Samtrygging:**

- Tafla 1.1 Heildareignir og eignir í erlendri mynt eftir samtryggingadeildum
- Tafla 1.2 Heildareignir og eignir í erlendri mynt eftir eignaflokkum
- Tafla 1.3 Eignir einstaka samtryggingadeilda eftir eignaflokkum

### **Séreign:**

- Tafla 2.1 Heildareignir og eignir í erlendri mynt eftir séreignardeildum
- Tafla 2.2 Heildareignir og eignir í erlendri mynt eftir eignaflokkum
- Tafla 2.3 Eignir einstaka séreignadeilda eftir eignaflokkum

Hér að neðan er að finna stutta samantekt á helstu breytingum í fjárfestingum lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila séreignarsparnaðar á tímabilinu. Fjárhæðir byggja á innsendum skýrslum þeirra áður en endurskoðun hefur farið fram. Athygli vekur mikil aukning erlendra eigna frá ármótum til loka 1. ársfjórðungs.

## **Sundurliðun fjárfestinga samtryggingadeilda lífeyrissjóða**

Heildareignir samtryggingadeilda lífeyrissjóða námu 4.068 milljörðum 31. mars sl. og hækkuðu um nærri 270 milljarða kr. frá áramótum. Þessi mikla aukning er nálægt því jafnmikil og var allt árið 2018. Helstu breytingar á eignaflokkum eru þær að veruleg aukning hefur orðið í hlutdeildarskírteinum sjóða (UCITS), sem nemur um 144 milljörðum kr., vegna erlendra fjárfestinga og hagstæðrar þróunar á mörkuðum. Eign í hlutabréfum jókst á tímabilinu um rúmlega 40 milljarða kr. sem var í takt við vöxt heildareigna sjóðanna. Aukning innlána var um 20 milljarðar frá áramótum. Útlán sjóðanna í formi fasteignaveðtryggðra skuldabréfa jukust um 20 milljarða kr.

Erlendar eignir sjóðanna voru um 1.292 milljarðar kr. þann 31. mars. og nam aukningin um 17% eða um 190 milljörðum kr. frá áramótum. Hlutdeild erlendra eigna í eignasöfnum samtryggingadeilda lífeyrisjóðanna nam 32% af heildareignum og hefur aldrei verið meiri.

Í töflunni hér að neðan koma fram helstu breytingar eignaflokka samtryggingadeilda frá áramótum til loka 1. ársfjórðungs 2019.

**Tafla 1. Sundurliðun fjárfestinga samtryggingardeilda lífeyrisjóðanna**

| Fjárhæðir í þús. kr.   | 31.12.2018           | 31.3.2019            | Breyting (kr.)     | Breyting (%) |
|--|----------------------|----------------------|--------------------|--------------|
| Ríkisvixlar og skuldabréf (A.a)                                      | 1.036.444.198        | 1.040.329.126        | 3.884.927          | 0,4%         |
| Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b)                                  | 450.630.809          | 471.143.215          | 20.512.406         | 4,6%         |
| Skuldabréf sveitarfélaga (B.a)                                       | 155.030.308          | 159.607.499          | 4.577.191          | 3,0%         |
| Innlán (B.b)   | 100.838.640          | 120.590.149          | 19.751.509         | 19,6%        |
| Sértryggð skuldabréf (B.c)   | 178.222.749          | 188.698.051          | 10.475.302         | 5,9%         |
| Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga (C.a)        | 18.018.979           | 15.743.173           | - 2.275.805        | -12,6%       |
| Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b)                         | 721.983.285          | 866.167.059          | 144.183.775        | 20,0%        |
| Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga (D.a)                       | 229.695.328          | 237.669.907          | 7.974.578          | 3,5%         |
| Skuldabr. og peningam.skjöl annarra sjóða um sameiginl. Fjárf. (D.b) | 69.127.232           | 72.418.567           | 3.291.335          | 4,8%         |
| Hlutabréf félaga (E.a)   | 586.586.664          | 627.893.435          | 41.306.771         | 7,0%         |
| Hlutdeildarskírt. og hlutir annarra sjóða um sameiginl. Fjárf. (E.b) | 249.221.534          | 265.082.619          | 15.861.086         | 6,4%         |
| Fasteignir (E.c)   | 83.697               | 59.206               | - 24.491           | -29,3%       |
| Afleiður (F.a)   | 87.395               | 134.079              | 46.683             | 53,4%        |
| Aðrir fjármálagerningar (F.b)  | 3.220.777            | 3.177.304            | - 43.472           | -1,3%        |
| Samtals  | <b>3.799.191.594</b> | <b>4.068.713.390</b> | <b>269.521.796</b> | <b>7,1%</b>  |

### Sundurliðun fjárfestinga séreignarsparnaðar

Heildareignir séreignarsparnaðar í vörslu lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila námu 673 milljörðum við lok þriðja ársfjórðungs þann 31. mars sl. og jukust um 43 milljarða frá áramótum. Mestur hluti þessara eigna, eða um 68%, er í vörslu lífeyrissjóðanna. Eins og hjá samtryggingardeildunum var mest aukning í hlutdeildarskírteinum UCITS sjóða, nærri 19 milljarðar kr. Hlutfallsleg aukning var og mikil í eignaflokkunum skuldabréf lánastofnana og skuldabréf sveitarfélaga. Erlendar eignir séreignarsparnaðar jukust um 26 milljarða kr. á tímabilinu og námu nærri 144 milljörðum kr.

Í töflunni hér að neðan koma fram helstu breytingar eignaflokka séreignarsparnaðar frá áramótum til loka 1. ársfjórðungs 2019.

**Tafla 2. Sundurliðun fjárfestinga séreignarsparnaðar**

| Fjárhæðir í þús. kr.  | 31.12.2018         | 31.3.2019          | Breyting (kr.)    | Breyting (%) |
|---|--------------------|--------------------|-------------------|--------------|
| Ríkisvixlar og skuldabréf (A.a)   | 123.939.623        | 125.164.283        | 1.224.660         | 1,0%         |
| Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b)                                     | 33.676.328         | 33.702.373         | 26.045            | 0,1%         |
| Skuldabréf sveitarfélaga (B.a)  | 15.430.356         | 17.589.840         | 2.159.484         | 14,0%        |
| Innlán (B.b)  | 194.689.894        | 202.913.121        | 8.223.227         | 4,2%         |
| Sértryggð skuldabréf (B.c)  | 49.690.495         | 52.668.833         | 2.978.338         | 6,0%         |
| Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga (C.a)           | 5.210.296          | 7.739.634          | 2.529.338         | 48,5%        |
| Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b)                            | 110.282.962        | 128.964.219        | 18.681.257        | 16,9%        |
| Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga (D.a)                          | 23.995.009         | 25.066.429         | 1.071.420         | 4,5%         |
| Skuldabr. og peningam. skjöl annarra sjóða um sameiginl. Fjárf. (D.b)   | 6.720.073          | 7.486.624          | 766.550           | 11,4%        |
| Hlutabréf félaga (E.a)  | 35.849.587         | 38.589.163         | 2.739.576         | 7,6%         |
| Hlutdeildarskírt. og hlutir annarra sjóða um sameiginl. Fjárfest. (E.b) | 30.423.574         | 33.382.418         | 2.958.844         | 9,7%         |
| Aðrir fjármálagerningar (F.b)   | 60.977             | 54.971             | - 6.007           | -9,9%        |
| Samtals   | <b>629.969.173</b> | <b>673.321.907</b> | <b>43.352.734</b> | <b>6,9%</b>  |